

Nr. 45/1892:

Eyjólfur Símonarson

gegn

Ingjalldi Sigurðssyni, Erlendi  
Guðmundssyni og Önnu Björns-  
dóttur.

## D ó m u r:

Eptir kröfu hinna stefndu, eigenda Skildinganes, Ingjaldar Sigurðssonar, Erlendar Guðmundssonar og Önnu Björnsdóttur, hjelt sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu fógetarjett að Skildinganesi hinn 7. dag júnímánaðar f. á. og bannaði þá áfrýjandanum Eyjólf Símonarsyni öll afnot af þeim 5 hndr. í Skildinganesi, sem hann hafði haft til afnota næst undanfarin ár. Síðan höfðuðu hin stefndu mál á mæti áfrýjandanum til staðfestingar á forboðsgjörðinni, og var mál það dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 30. sept. f. á. á þá leið, að fógetabannið skyldi vera óraskað, og að Eyjólfur Símonarson skyldi greiða í málskostnað til forboðskrefjandanna 20 krónur. Dómi þessum hefur Eyjólfur Símonarson að fengiuni gjafsókn og með skipuðum málflutningsmanni áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 31. október f. á. og hefur þess verið krafizt í málinu af hans hálfu, að dómurinn verði úr gildi felldur, að forboðsgjörðin 7. júní f. á. verði upphafin og hin stefndu verði eitt fyrir öll dæmd til þess að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir báðum rjettum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Af hálfu hinna stefndu hefur þess verið krafizt í málinu, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan kostnað, sem leiðir af málskotinu til yfirdómsins, með 25 kr. eða einhverju

nægilegu eptir mati rjettarins. Hinn skipaði sækjandi hefur krafizt þess, að orðið «heimskuslettur» í frumvörn verjanda verði dæmt ómerkt, og að mótparturinn verði látinn sæta sektum fyrir það.

Bæði fyrir fúgetarjettinum og fyrir aukarjettinum færðu hin stefnu það fram sem ástæðu fyrir því, að þau hefðu byggt áfrýjandanum út af umræddum 5 hndr. í Skildinganesi og síðan látið fúgetabann framfara fyrir nytjan þeirra af hans hálfu, að hann hefði látið dragast missiri lengur að greiða eptirgjald eptir jörðina, að hann hefði skemmt jörðina með óþarfri og gagnslaursi torfristu, og auk þess selt öðrum út í frá torfúr landareigninni leyfislaust frá eigendanna hálfu, og að hann hefði vanrækt eigi einungis allar umbætur ábyllis síns, heldur og viðhald þess. Gegn þessum kæruatriðum hafði áfrýjandinn engin ákveðin mótmæli fram að færa, hvorki fyrir fúgetarjettinum nje fyrir aukarjettinum, og verður hann því að álítast hafa viðurkennt þau, en tilraunir hans fyrir yfirdóminum að hnekkja þeim eru of seint framkomnar, enda virðast eigi á rökum byggðar. Það verður því samkvæmt kröfu hinna stefndu að staðfesta hinn áfrýjanda aukarjettardóm bæði að því er staðfesting fúgetabannsins snertir og málskostnadinu. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjandanum að greiða hinum stefndu 20 krónur, og verður hinum skipaða málsfærslumanni hans eptir úrslitum málsins eigi dæmd málsfærslulaun. Orðið «heimskuslettur» í fyrsta varnarskjali hinna stefndu dæmist dautt og ómerkt, en ekki þykir ástæða til að sekta þau fyrir að hafa viðhaft það.

Það vottast, að málið hefur verið sótt löglega sem gjafsóknarmál.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Eyjólfur Símonarson, hinum stefndu 20 kr. Orðið »heimskuslettur« í varnarskjali hinna stefndu skal vera dautt og ómerkt. Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. maímánaðar.

Nr. 2/1893:

E. Egilsson

gegn

W. Ó. Breiðfjörð og

Árna Eypórssyni.

D ó m u r:

Með dómi bæjarþings Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 17. nóv. f. á., voru hinir stefndu, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð og Árni Eypórsson fyrir hönd fjelagsins »Reykvíkingur« dæmdir til þess, að greiða áfrýjandanum E. Egilsson 100 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, sem kaup fyrir útgáfu blaðsins »Reykvíkingur« í 5 mánuði frá sept. 1891 til jan. 1892 incl. Auk þess skyldu þeir greiða stefndanda í málskostnað 12 kr. Dómur þessi var birtur fyrir hinum stefndu 22. nóv. 1892. Síðan krafðist dómhafi þess, að nefndum dómi væri fullnægt með fjárnámsgjörð hjá kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð, en með fógetarjettarúrskurði Reykjavíkur, uppkveðnum 3. jan. þ. á., var